



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 16. maí 2017

Ákvörðun nr. 18/2017

Samruni UK fjárfestinga ehf., Kraftvéla ehf., Kraftvélaleigunnar ehf. og BH eignarhaldsfélags ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 18. janúar 2017 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna UK fjárfestinga ehf., Kraftvéla ehf., Kraftvélaleigunnar ehf. og BH eignarhaldsfélags ehf. með bréfi og fylgdi samrunaskrá bréfinu. Hinn 1. febrúar sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir auknum rökstuðningi og upplýsingum við það sem fram kom í upphaflegri samrunatilkynningu og bárust umbeðin gögn hinn 6. febrúar sl. Samrunaskrá í máli þessu var þar með fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynning og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi hinn 18. janúar sl. Með bréfi dags. 7. febrúar sl. var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins. Frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu að líða hinn sama dag, 7. febrúar sl.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti, s.s. frá keppinautum samrunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hafa UK fjárfestingar ehf. (hér eftir UK fjárfestingar) keypt meirihluta hlutafjár í Kraftvélum ehf. (hér eftir Kraftvélar) og Kraftvélaleigunni ehf. (hér eftir Kraftvélaleigan) og allt hlutafé í BH eignarhaldsfélagi ehf. (hér eftir BH eignarhaldsfélag). Öðlast UK fjárfestingar með þeim kaupum yferráð yfir öllum þremur félögunum.



1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

UK fjárfestingar er félag í eigu Jú ehf. og ÞK fjárfestinga ehf. til jafns. Jú ehf. er í eigu tveggja einstaklinga til jafns og ÞK fjárfestingar ehf. er í eigu annarra tveggja einstaklinga til jafns. Auk þess að eiga helming hlutfjár í UK fjárfestingum á Jú ehf. einnig hlut í Bláa Lóninu en þó ekki ráðandi hlut. Eigendur ÞK fjárfestinga ehf. eiga einnig sameiginlega að fullu Eignarhaldsfélagið Gerðuberg ehf. sem fer með eignarhald og rekstur á fasteignum.

UK fjárfestingar er eigandi alls hlutfjár í sex einkahlutafélögum; Bifreiðainnflutningi ehf., Okkar bílaleigu ehf., TK bílum ehf., Mótormax ehf., Krókslóð ehf. og Bílaútleigunni ehf. Þrjú þessara félaga eiga svo dótturfélög, sem nánar verður fjallað um í tengslum við hvert félag fyrir sig hér á eftir.

Bifreiðainnflutningur ehf. starfar við kaup, sölu og eignarhald verðbréfa, rekstur fasteigna og annan skyldan rekstur. Félagið er eigandi alls hlutfjár í Toyota á Íslandi ehf. Toyota á Íslandi ehf. sinnir rekstri bifreiðaumboða og skyldum restri, rekstri fasteigna og lánastarfsemi. Fjallað var um Bifreiðainnflutning ehf. og Toyota á Íslandi ehf. í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2011, *Viðskipti Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf.* Vörumarkaður þess máls var skilgreindur sem heildsala á nýjum bílum að því er laut að Toyota á Íslandi ehf. og landfræðilegi markaðurinn var talinn vera Ísland allt. Starfsemi Toyota á Íslandi ehf. er óbreytt samkvæmt samrunaskrá. Samrunaaðilar meta það svo að ofangreind félög séu ekki í markaðsráðandi stöðu á umræddum mörkuðum.

Okkar bílaleiga ehf. starfar við útleigu bifreiða, kaup, sölu og eignarhald verðbréfa, rekstur fasteigna og annan skyldan rekstur. Starfsemin felst þó ekki í hefðbundinni starfsemi bílaleigu en félaginu er ætlað að halda utan um bifreiðar sem leigðir eru út vegna ábyrgðarviðgerða hjá Toyota. Toyota lánar viðskiptavinum bifreiðar og greiðir Okkar bílaleigu fyrir þjónustuna. Að mati samrunaaðila er óljóst hvort félagið starfi á markaði fyrir bílaleigu á Íslandi, en sé svo, sé markaðshlutdeild félagsins mjög lág og vart mælanleg, enda um feiknastóran markað að ræða.

TK bílar ehf. rekur bifreiðaumboð og sinnir öðrum skyldum rekstri, sinnir rekstri fasteigna og lánastarfsemi. TK bílar er eigandi alls hlutfjár í Toppbílum ehf. sem rekur bílasölu. TK bílar selja nýjar og notaðar bifreiðar, auk þess að þjónusta eigendur Toyota og Lexus bifreiða gegnum verslun og verkstæði félagsins í Garðabæ. Í fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, nr. 41/2011, var félagið talið starfa á markaði fyrir smásölu nýrra og notaðra bifreiða og markaði fyrir bifreiðaverkstæði. Landfræðilegur markaður félagsins var talinn vera Ísland allt. Starfsemi TK bíla er óbreytt samkvæmt samrunaskrá. Toppbílar selja notaðar bifreiðar sem og notaðar og nýjar bílakerrur í smásölu. Samrunaaðilar telja að félagið starfi á markaði fyrir smásölu notaðra bifreiða. Hugsanlega megi skilgreina markað fyrir smásölu bílakerra sem sérstakan undirmarkað, en samrunaaðilar telja ekki þörf á umfjöllun um slíkt í máli þessu. Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild umræddra félaga lága vegna stærðar markaða.

Mótormax ehf. starfar samkvæmt skráðum tilgangi félagsins við kaup, sölu, rekstur og viðgerðir á lyfturum og tækjum til iðnaðarstarfsemi og tengda starfsemi. Þrátt fyrir þann skráða tilgang stundar félagið engin viðskipti með lyftara og veitir ekki viðgerðarþjónustu vegna þeirra. Starfsemi félagsins einskorðast við innflutning og heild- og smásölu á kerrum



og dráttarbeislum. Samrunaaðilar telja Mótormax starfa á markaði fyrir sölu á nýjum fylgihlutum fyrir bifreiðar á Íslandi. Mótormax ehf. er eigandi alls hlutafjár í Skorra ehf. sem sinnir smásölu á varahlutum og aukabúnaði fyrir bifreiðar. Skorri sérhæfir sig í sölu rafgeyma af ýmsum stærðum og gerðum, auk þess sem félagið selur ýmsar vörur fyrir sumarbústaði, hjólhýsi og fellihýsi, svo sem sólarrafhlöður, gaseldavélar, gasískápa, gasgegnumstreymisvatnshitara, o.fl. Samrunaaðilar telja að skilgreina megi markað þann sem Skorri starfar á sem markað fyrir rafgeyma og gasvörur á Íslandi. Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild Mótormax lága en markaðshlutdeild Skorra allnokkra, án þess þó að Skorri teljist vera í markaðsráðandi stöðu á nefndum markaði.

Krókslóð ehf. starfar við kaup, sölu og rekstur fasteigna, eignarhald á verðbréfum og lausafé, lánastarfsemi og annan skyldan rekstur. Krókslóð á fasteign sem félagið leigir til Skorra ehf. undir starfsemi þess félags. Um er því að ræða rekstrarfélag utan um eina fasteign sem leigir fasteignina áfram til félags sem er undir yfirráðum sama aðila. Félagið selur ekki vörur eða þjónustu. Samrunaaðilar telja að skilgreina mætti markaðinn sem Krókslóð starfar á sem markað fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi og innan hans hafi Krókslóð vart mælanlega markaðshlutdeild.

Bílaútleigan ehf. sinnir útleigu og rekstri fasteigna, kaupum, sölu og eignarhaldi á verðbréfum og öðrum skyldum rekstri. Bílaútleigan er með leigusamning við Höfðaeignir ehf. um fasteign að Kaupþúni 6 í Garðabæ og endurútleigir Bílaútleigan fasteignina í tvennu lagi, annars vegar til Toyota á Íslandi ehf. og hins vegar til TK bíla ehf. Um er því að ræða umsýslufélag utan um leigu á fasteign sem leigir fasteignina áfram til félags sem er undir yfirráðum sama aðila. Þess utan selur Bílaútleigan ekki vörur eða þjónustu. Samrunaaðilar telja að skilgreina mætti markaðinn sem Bílaútleigan starfar á sem markað fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi og innan þess markaðar hafi Bílaútleigan vart mælanlega markaðshlutdeild.

Kraftvélar starfar við innflutning og sölu vinnuvéla og varahluta, rekstur viðgerðarþjónustu, rekstur fasteigna og skylda starfsemi. Félagið starfar, að mati samrunaaðila, á markaði fyrir innflutning og smásölu á atvinnutækjum. Félagið sérhæfir sig í innflutningi og þjónustu á Komatsu vinnuvélum en er einnig umboðsaðili fyrir önnur atvinnutæki, svo sem Dynapac, Sandvik, Fintec, Rammer, Miller og Iveco. Þá flytur félagið einnig inn og selur landbúnaðartæki, lyftara og krana, sem að mati samrunaaðila teljast hluti af markaði fyrir atvinnutæki. Auk þessa flytur félagið inn og selur varahluti í atvinnutæki. Að mati samrunaaðila má færa rök fyrir því að varahlutir og atvinnutæki tilheyri sama markaði en einnig að möguleiki sé á því að varahlutir í atvinnutæki sé sérmarkaður undir markaði fyrir atvinnutæki. Telja samrunaaðilar þó ekki þörf á að taka afstöðu til þessa í máli þessu. Landfræðilegur markaður er Ísland allt. Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild Kraftvéla nokkra en að félagið sé ekki í markaðsráðandi stöðu.

Kraftvélaleigan sinnir útleigu vinnuvéla og tengdum rekstri. Félagið starfar, að mati samrunaaðila, á markaði fyrir leigu á atvinnutækjum. Félagið leigir út atvinnutæki sem flutt eru inn af Kraftvélum. Landfræðilegur markaður er allt Ísland. Samrunaaðilar kveða það vandkvæðum bundið að meta nákvæma markaðshlutdeild í tilviki Kraftvélaleigunnar, en telja félagið ekki markaðsráðandi og nefna í samrunaskrá keppinauta Kraftvélaleigunnar sem séu stærri á markaði en það félag.



BH eignarhaldsfélag starfar við kaup, sölu og eignarhald verðbréfa, kaup, sölu og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annan skyldan rekstur. Á árinu 2016 keypti félagið fasteignirnar þar sem starfsemi Kraftvéla er til húsa og í dag einskorðast starfsemi félagsins við að reka þær fasteignir. Félagið sinnir ekki sölu á vörum eða þjónustu.

Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess í máli þessu að vera ósammála mati samrunaaðila varðandi skilgreiningar á mörkuðum málsins.

2. Áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að ekkert af áðurgreindu eigi við í máli þessu. Fjöldi aðila starfi á hinum skilgreindu mörkuðum og ætla megi að aðrir aðilar hafi þar hærri markaðshlutdeildir en samrunaaðilar. Á umræddum mörkuðum sé ágætt jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og aukist eftirspurn sé henni sinnt með auknu framboði eftir því sem þörf krefji. Einu aðgangshindranirnar séu að félög þurfi að útvega sér sérleyfissamninga við erlenda framleiðendur nýrra atvinnutækja og ökutækja, eftir því sem við eigi. Hvað varði markað með smásölu notaðra ökutækja þurfi einvörðungu leyfi sýslumanns til rekstrarins, en að öðru leyti sé aðgangur að þeim markaði auðveldur.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji ofangreind félög starfa á ótengdum mörkuðum og því sé um svokallaðan samsteypusamruna að ræða (e. *conglomerate merger*). Þar af leiðandi sé ekki þörf á að skilgreina nákvæma vöru- og landfræðilega markaði vegna samrunans þar sem engin skörun sé á starfsemi samrunaaðila, hvorki lóðrétt né lárétt. Félög tengd UK fjárfestingum starfi einkum á mörkuðum fyrir innflutning og sölu nýrra og notaðra bifreiða, og tengdum mörkuðum, meðan Kraftvélar og Kraftvélaeigan starfi á mörkuðum fyrir innflutning, smásölu og leigu á atvinnutækjum.

Samkeppniseftirlitið er sammála því að um svokallaðan samsteypusamruna sé að ræða þar sem ekki er bein skörun í starfsemi samrunaaðila. Þrátt fyrir að samrunaaðilar geti talist starfa á mörgum skyldum mörkuðum er markaðshlutdeild þeirra á hverjum þeirra ekki með þeim hætti að samruninn teljist samkeppnishamlandi.

III.

Niðurstaða

Líkt og greint hefur verið frá í ákvörðun þessari starfa samrunaaðilar á nokkrum mörkuðum sem skarast ekki þrátt fyrir að vera að einhverju leyti skyldir. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á neinum markaði málsins. Þá mun samruninn að mati Samkeppniseftirlitsins ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.



Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup UK fjárfestinga ehf. á meirihluta hlutafjár í Krafvélum ehf. og Kraftvélaleigunni ehf. auk kaupa á öllum hlutum í BH eignarhaldsfélagi ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

dagur, xx. Mánuður, 200x

Ákvörðun nr. xx/200x

Heiti

Kaflaheiti



Ákvörðunarorð:

„XX.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson